



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

14. fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps var haldinn mánudaginn 20. maí 2024 kl. 20.00 í Hvítárdal ásamt Ungmennaráði.

Mættir til fundar, Sigfríð Lárusdóttir formaður, Ragnheiður Björg Magnúsdóttir aðalmaður, Heimir Sigurðsson boðaði fjarveru sína skömmu fyrir fund vegna óhapps, varamaður komst ekki með svo skömmum fyrirvara, Anna Katrín Víðsdóttir formaður Ungmennaráðs, Guðrún Lilja Árnadóttir nefndarmaður ungmennaráðs, Sara Nadía Gunnarsdóttir nefndarmaður ungmennaráðs, Íris Birna Árnadóttir nefndarmaður ungmennaráðs, Ingunn Lilja Arnórsdóttir nefndarmaður ungmennaráðs.

1. Hlutverk ungmennaráðs í Heilsuviku Hrunamannahrepps 2024
 - a. Ungmennaráð skipuleggur laugardagsfjör
 - b. Viðburðarskírteini, þar sem fólk fær kvittun fyrir þátttöku.
2. Anna fór yfir hvað Ungmennaráð hefur gert í vetur.
3. Nefndarmenn í Ungmennaráð fyrir næsta ár
 - a. Sitjandi nefndarmenn vilja allar halda áfram næsta vetur.
4. Kynning á stöðu verkefnisins Barnvænt samfélag.
 - a. Drög að Aðgerðaáætlun – Barnvænt sveitarfélag – Hrunamannahreppur kynnt.
5. Tillaga að breytingu á reglugerð um kjör íþróttamanns ársins í Hrunamannahreppi.
 - a. 1. gr. verði:

Þriggja manna nefnd skipuð af Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd skal standa að kjöri og útnefningu Íþróttamanns Hrunamannahrepps í janúar mánuði ár hvert. Nefndin skal skipuð fulltrúa Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar, fulltrúa UMFH og fulltrúa íþróttakennara í Flúðaskóla.

Í stað:

Þriggja manna nefnd skipuð af sveitarstjórn Hrunamannahrepps skal standa að kjöri og útnefningu Íþróttamanns Hrunamannahrepps í janúar mánuði ár hvert. Nefndin skal skipuð fulltrúa sveitarstjórnar, fulltrúa UMFH og fulltrúa íþróttakennara í Flúðaskóla.